

5. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið 17. janúar 2015 í húsnæði Íþróttá – og Ólympíusambands Íslands, Engjavegi 6, Reykjavík. Þingið hófst kl. 16.00.

- 1. Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins í samræmi við lög KRAFT**
Sigurjón Pétursson, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingmenn velkomna. Hann bauð Helgu Steinunni Guðmundsdóttur, varaforseta ÍSÍ, sérstaklega velkomna.
Í lögum um kraftlyftingagæing segir að halda skuli þingið fyrir 1. febrúar ár hvert og boða rafrænt með mánaðar fyrirvara. Sigurjón lýsti yfir lögmæti þingsins og að rétt hafði verið til þess boðað en það fundarboð birtist á KRAFT.is þann 9. desember 2014.
- 2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd**
Lögð var fram tillaga um Gry Ek, Maríu Guðsteinsdóttur og Erlu Kristínu Árnadóttur.
Tillagan var samþykkt.
- 3. Kosning þingforseta og varaþingforseta**
Lögð var fram tillaga um Grétar Dór Sigurðsson sem þingforseta og Guðjón Hafliðason sem varaþingforseta.
Tillagan var samþykkt.
Grétar Dór þakkaði traustið og tók við fundarstjórn.
- 4. Kosning þingritara og varaþingritara**
Gerð var tillögu um Gry Ek sem þingritara og Ásu Ólafsdóttur sem varaþingritara.
Tillagan var samþykkt.
- 5. Þinggerð síðasta árs lögð fram**
Þinggerðin hefur legið frammi á heimasíðu KRAFT undir liðnum fundargerðir síðan 18. janúar 2014 og var þess vegna ekki dreift á þinginu.
- 6. Ávörp gesta.**
Helga Steinunn Guðmundsdóttir, varaforseti ÍSÍ, ávarpaði þingið og flutti kveðju frá Lárusi Blöndal, forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn. Hún sagði frá umfangsmiklu starfi ÍSÍ á nýju ári og minntist sérstaklega á Smáþjóðaleikana 2015 sem framundan eru, en það er stærsta einstaka verkefni sem íþróttahreyfingin hefur tekist á hendur. Hún bauð um leið kraftlyftingamenn að gerast sjálfboðaliðar á leikunum, því þó kraftlyftingar séu ekki á dagskrá er mikilvæg reynsla fengin með því að taka þátt í slíku verkefni.
Helga þakkaði formanni KRAFT Sigurjóni Péturssyni fyrir gott samstarf og óskaði KRAFT velfarnaðar á nýju ári.
- 7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt**
Kjörnefnd skilaði álitum sem var samþykkt.
Samkvæmt lögum KRAFT voru gefin út kjörbréf til 53 fulltrúa frá 10

héraðssamböndum/íþróttabandalögum og 15 kraftlyftingafélögum/-deildum. Á þinginu voru mættir 28 fulltrúar með löglega undirrituð kjörbréf: Kraftlyftingadeild Ármanns: Júlían J.K.Jóhannsson, Ingimundur Ingimundarson og Árdís Ósk Steinarsdóttir. Kraftlyftingadeild Gróttu: Aron Lee Du Teitsson, Erla Kristín Árnadóttir, Ingimundur Björgvinsson og Hulda Pjetursdóttir. Kraftlyftingafélag Seltjarnarness: Grétar Dór Sigurðsson. Kraftlyftingafélag Akureyrar: Grétar Skúli Gunnarsson, Þorbergur Guðmundsson, Viktor Samúelsson, Helgi Garðar Helgason og Ivan Mendez. Kraftlyftingadeild Breiðabliks: Halldór Eypórsson, Helgi Hauksson, Auðunn Jónsson og Róbert Kjaran. Massi: Gunnlaug Olsen, Hörður Birkisson, Sindri Freyr Arnarson og Brynjólfur Jökull Bragason. Kraftlyftingafélag Akraness: Einar Örn Guðnason, Eva Ösp Sæmundsdóttir og Lára Bogey Finnbogadóttir. Kraftlyftingadeild Stjörnunnar: Gunnar Gylfason og Jón Úlfsson. Kraftlyftingadeild Kormáks: Aðalsteinn G. Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir.

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Tillaga var gerð um Kára Rafn Karlsson gjaldkera KRAFT, Sigurjón Pétursson og Erlu Kristínu Árnadóttur í fjárhagsnefnd. Gerð var tillaga um Helga Hauksson, Sturla Ólafsson og Guðjón Hafliðason í laganefnd og þau Halldór Eypórsson, Júlían J.K. Jóhannsson og Grétar Skúla Gunnarsson í allsherjarnefnd. illögurnar voru samþykktar einróma.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Sigurjón Pétursson, formaður KRAFT, las skýrslu stjórnar.

Ársskýrsla KRAFT flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands sem háð var þ. 17.1.2015 í húsnæði ÍSÍ í Laugardal, Reykjavík.

Aths. Tölur í sviga í þessari ársskýrslu eru tölur fyrra árs.

Ágæta kraftlyftingafólk,

Velkomin til fimmta ársþings Kraftlyftingasambands Íslands eftir að það var stofnað á nýjan leik innan vébanda Íþróttá –og Ólympíusambands Íslands.

Á árinu sem var að líða gerðust eins og undanfarin ár margir góðir hlutir í íslenskum kraftlyftingum og fátt var það sem fór miður. Félögum og iðkendum hélt áfram að fjölga, við fengum aukna og einungis jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum, tókum virkan þátt í erlendu samstarfi og keppnum og innviðir styrktust t.d. með fjölgun alþjóðadómara. Hlutfall kvenna og yngri aldurflokka er ótrúlega hátt. Til marks um það má nefna að hlutfall kvennkeppenda í bekkpressumótinu nú fyrr í dag var 42%.

Aftek ársins

Í heildina fengum við á árinu 2014 á alþjóðlegum mótum, mótum eins og þau gerast sterkust í greininni í heiminum, 6(7) gull, 8(7) silfur og 12(10) brons. Samtals 26(24) peninga. Nefna má að Fanney Hauksdóttir reyndi við heimsmet unglina í bekkpressu, reyndar mistókst sú tilraun, en heimsmetstilaun er nú ekki daglegt brauð.

Norðurlandamót unglina og drengja/stúlkna 2014

Gullverðlaun samanlagt: Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki unglina.

Silfurverðlaun samanlagt: Þorbergur Guðmundsson, KFA, +120 kg flokki unglina.

Bronsverðlaun samanlagt: Alexandra Guðlaugsdóttir, KFA, -72 kg flokki unglina

Norðurlandamót í kraftlyftingum í opnum flokki 2014

Gullverðlaun samanlagt: Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, Grótta, -57 kg flokki

Gullverðlaun samanlagt: Sindri Freyr Arnarson, Massi í -74 kg flokki.

Gullverðlaun samanlagt: Auðunn Jónsson, Breiðablik, í -120 kg flokki.

Silfurverðlaun samanlagt: Hörður Birkisson, Massi, í -74 kg flokki.

Silfurverðlaun samanlagt: Alexandra Guðlaugsdóttir, KFA, í -84 kg flokki.

Silfurverðlaun samanlagt: Rósa Birgisdóttir, Stokkseyri, í +84 kg flokki.

Silfurverðlaun samanlagt: Aron Lee Du Teitsson, Grótta, í -93 kg flokki.

Bronsverðlaun samanlagt: Halldór Eyþórsson, Breiðablik, í -83 kg flokki.

Bronsverðlaun samanlagt: Viktor Samúelsson, KFA, í -120 kg flokki.

Bronsverðlaun samanlagt: Sigfús Fossdal, KFV, í +120 kg flokki.

María Guðsteinsdóttir, Ármanni, 4. sæti í -72 kg flokki.

Norðurlandamót í bekkpressu, opinn flokkur, 2014

Silfurverðlaun: Rósa Birgisdóttir, Stokkseyri, í +84 kg flokki.

Silfurverðlaun: Viktor Samuelsson, KFA, í -120 kg flokki.

Bronsverðlaun: Dagfinnur Ari Normann Stjarnan, í -74 kg flokki.

Bronsverðlaun: Sigfús Fossdal, KFV, í +120 kg flokki.

María Guðsteinsdóttir, Ármanna, 4. sæti í -72 kg flokki.

Evrópumót unglina og drengja/stúlkna 2014

Bronsverðlaun samanlagt: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, +120 kg flokki unglina.

Arnhildur Anna Árnadóttir, Grótta, 4 sæti samanlagt í -72 flokki unglina.

Camilla M. B. Thomsen, Grótta, 5 sæti samanlagt í -63 kg flokki unglina.

Einar Örn Guðnason, Akranes, 6.sæti samanlagt í -93 kg flokki unglina.

Bronsverðlaun í bekkpressu: Einar Örn Guðnason, Akranesi, í -93 kg flokki unglina.

Bronsverðlaun í hnébeygju: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, +120 kg flokki unglina.

Bronsverðlaun í hnébeygju: Arnhildur Anna Árnadóttir, Grótta, -72 kg flokki unglina.

Heimsmeistaramót unglina og drengja/stúlkna 2014

Bronsverðlaun samanlagt: Júlían J. K. Jóhannsson, +120,0 kg unglina.

Camilla M. B. Thomsen, Grótta, -63 kg flokki unglina: 10.sæti samanlagt.

Einar Örn Guðnason, Akranes, í -93 kg flokki unglina, 10.sæti samanlagt.

Silfurverðlaun í réttstöðulyftu: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, +120 kg flokki unglina.

Heimsmeistaramót í bekkpressu 2014

7. sæti. Sigfús Fossdal, KFV, í +120 kg flokki

Heimsmeistaramót unglunga í bekkpressu 2014

Gullverðlaun: Fanney Hauksdóttir, Gróttta, -63,0 kg flokki unglunga.

Gullverðlaun: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120 kg flokki drengja.

Heimsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum 2014

Aron Lee Du Teitsson, Gróttta, 9.sæti í -93 kg flokki.

Bronsverðlaun í bekkpressu, Aron Lee Du Teitsson, Gróttta, í -93 kg flokki.

Heimsmeistaramót unglunga í klassískum kraftlyftingum 2014

Dagfinnur Ari Normann, Stjarnan, 6.sæti samanlagt í -74 kg flokkur unglunga.

Elín Melgar Aðalheiðardóttir, Gróttta, 6.sæti samanlagt í -63 kg flokkur unglunga.

Heimsmeistaramót í kraftlyftingum 2014

4. sæti samanlagt: Sigfús Fossdal, KFV, í +120 kg flokki.

7. sæti samanlagt: María Guðsteinsdóttir, Ármanni, -72,0 kg flokki.

11. sæti samanlagt: Auðunn Jónsson, Breiðablik, í -120 kg flokki.

Fjöldi meta var settur á innanlandsmótum. Lið Kraftlyftingadeildar Grótttu var stigahæst á árinu og Gróttta varð því kraftlyftingafélag ársins. Það er gleðilegt fyrir þá sök að árangur Grótttu er fyrst og fremst konum að þakka, en Gróttta hefur lagt undir sig flesta þyngdarflokka kvenna undanfarið keppnistímabil eins og áður.

Félagamál og Felix

Nú eru aðildarfélög 17 talsins. Eitt félagið breytti um form þegar Heiðrún rann inn í Stjórnuna í Garðabæ. Ný félög hafa verið stofnuð á Patreksfirði og í Hafnarfirði. Starfsemin er misgróskumikil í félögum en heilt yfir góð.

Ég vil hvetja félög til að sækja um vottun sem fyrirmyndarfélög. Nú eru fjögur kraftlyftingafélög í þeim hópi og það er ekki til fyrirmyndar að aðeins 4 félög af 17 séu með vottun af þessu tagi.

Alls eru nú skráðir 1152 (1042) iðkendur í kraftlyftingafélög í Felix félagakerfi ÍSÍ. Eins og áður hefur komið fram grunaði engan að fjöldi iðkenda myndi verða slíkur sem skráningin í Felix ber vitni um. Ég vil enn á ný hrósa forráðamönnum félaganna fyrir gott framlag á þessu sviði. Eins og áður hefur komið fram þá er skráningin mikið hagsmunamál fyrir okkur öll. Innan ÍSÍ er litið til þessarar skráningar sem mælikvarða þegar styrkjum, lottótekjum ofl. er úthlutað.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn sambandsins var þannig skipuð á sl. ári.

Sigurjón Pétursson formaður
Sturla Ólafsson varaformaður
Gry Ek Gunnarsson ritari
Kári Rafn Karlsson gjaldkeri
Ása Ólafsdóttir meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir þeir Einar Már Ríkharðsson, Óskar Ingi Víglundsson og Sigfús Fossdal.

Stjórnin hélt 7 (7) bókaða stjórnarfundir og tvo formannafundi á árinu 2014. Auk þess hafa eins og gengur og gerist verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. menntamálaráðherra, formannafundur sérsambanda ÍSÍ svo og náttúrlega fjöldinn allur af símtölum og snúningum. Það er því ljóst að stjórnarmenn leggja fram gríðarlega mikinn sjálfbodinn tíma. Eins og áður hefur komið fram í ársskýrslu er GSM og bensínkostnaður stjórnarmanna verulegur. Áður en lengra er haldið vil ég þakka stjórnarmönnum hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra. Þetta er búið að vera enn eitt frábært ár með frábærri áhöfn.

Hlutverk KRAFT og grunngildi

Þegar litið er yfir farinn veg og til framtíðar á tímamótum sem þessum þykir mér rétt að ríffa upp hvert er hlutverk og tilgangur KRAFT. Þannig má betur meta árangur og móta stefnu til framtíðar. Í lögum sambandsins segir að KRAFT eigi að vera æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra kraftlyftingamála
- b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- d. að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa að menntun kraftlyftingabjálfa og veita þeim tilskilin réttindi
- g. að standa fyrir og úthluta kraftlyftingamótum
- h. að tefla fram landsliðum og keppendum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd kraftlyftinga á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða kraftlyftingar á Íslandi

KRAFT er aðili að:

- a. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSÍ)
- b. Alþjóða kraftlyftingasambandinu, (IPF)
- c. Kraftlyftingasambandi Evrópu (EPF)
- d. Kraftlyftingasambandi Norðurlanda (NPF)

KRAFT skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og sjá um að reglur varðandi kraftlyftingar séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir KRAFT eru bindandi fyrir aðila að KRAFT; félög, iðkendur, keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaga KRAFT.

Enn fremur þykir mér rétt að ríffa upp hver eru grundvallargildin en þau eru:

Síðferði, drengskapur og heiðarleiki

Heilbrigði

Afburða árangur

Skapgerð og menntun

Gleði og ánægja

Samvinna

Ástundun og skuldbinding

Virðing fyrir lögum og reglum
Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum iðkendum
Hugrekki
Samkennd og samstaða.

Mótamál

Ný mótanefnd tók til starfa á vormánuðum undir forystu Júlíans J.K. Jóhannssonar. Mótaskrá 2015 hefur verið birt á heimasíðu KRAFT. Mörg mót eru haldin bæði innanlands og erlendis og liggur töluverð vinna í því að samhæfa mótaskrána með allt þetta í huga. Á árinu 2014 hafa verið haldin mörg mót bæði á vegum KRAFT svo og innanfélagsmót. Stjórn KRAFT hefur mótað þá stefnu að félögin sjái um allt mótahald en að stjórnin einbeiti sér að öðrum störfum. Félögin hafa staðið sig mjög vel hvað allt mótahald snertir.

Í ágúst sl. var Opna Norðurlandamótið sem eralþjóðlegt kraftlyftingamót á mótaskrá IPF haldið hér á landi. Mótaframkvæmdin var í höndum UMFN Massa í Njarðvík. Umgjörð og framkvæmd var glæsileg og eins og best verður á kosið

Á mótaskrá sambandsins árið 2015 eru samtals 25 mót. Þar af 9 innanlandsmót. 9 innanlandsmót á mótaskrá KRAFT er ekki nóg. Félögin eru mismunandi dugleg við að halda mót. Mótahald eflir liðsandann og setur ný og hærri markmið fyrir keppendur. Ég vil því hvetja öll félög til að auka mótahald sitt og setja mótin á mótaskrá KRAFT. Með því að setja þau á mótaskrá fá m.a. dómara tækifæri til að viðhalda sinni vottun og þekkingu. Framkoma keppenda á mótum hefur verið til fyrirmyndar.

Agamál og aganefnd

Á fyrra ári samþykkti stjórn KRAFT reglugerð um aganefnd og skipaði í nefndina í kjölfarið. Anna Sigríður Árnadóttir var kjörin formaður nefndarinnar. Nefndin fékk eitt mál til meðferðar á árinu. Málið varðaði meinta ósæmilega hegðun þjálfara við dómara á móti. Úrskurður aganefndar var á þá leiða að þjálfarinn hefði sýnt af sér vanvirðandi hegðun skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar KRAFT um agamál. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar var þjálfaranum veitt áminning vegna málsins. Verkefni aganefndar er mikilvægt og vandasamt. Nefndin hefur leyst sín störf vel af hendi.

Þátttaka á mótum erlendis

Á árinu tóku íslenskir keppendur 40 sinnum þátt í 10 alþjóðlegum mótum eða á öllum helstu kraftlyftingamótum á erlendri grundu sem haldin voru.

Heimasíða, Facebook og Flickr

Heimasíða sambandsins hélt áfram að gegna sínu lykilhlutverki. En eins og áður hefur komið fram er ekki nóg að vera með gott kerfi og útlit. Það þarf líka að vera sífellt að setja inn fréttir, fundarboð, fundargerðir, tilkynningar um mót ofl. ofl. Ritari sambandsins Gry Ek Gunnarsson og María Guðsteinsdóttir hafa verið vefstjórar og enn á ný lyft grettistaki í þessum efnum. Á árinu 2014 voru settar inn á annað hundrað fréttir svo og mikill fjöldi af öðrum færslum svo sem fundargerðir, uppfærðar reglur ofl. Auk kraft.is hefur sambandið Facebooksíðu sem mikil umferð er um. Gry hefur einnig umsjón með gagnabanka KRAFT og skráningu úrslita og Klaus Jensen hefur tækniúmsjón með síðunni og hefur boðið okkur upp á vistun undanfarin ár.

Flickr ljósmyndasíða á slóðinni <http://www.flickr.com/photos/kraft2010/sets> er uppfærð reglulega eftir mót. Sambandið á því verulegt ljósmyndasafn sem aðgengilegt er fyrir alla.

Búnaður

Á undanförunum árum hefur verið bætt í búnað sambandsins s.s. tölvukerfi og skjáum. Á árinu var fjárfest í vönduðum stórum töskum undir allan búnað í eigu sambandsins sem flytja þarf á mótsstaði. Það er því með meira öryggi og auðveldari hætti hægt að senda búnaðinn hvert á land sem er svo félög úti á landi geti haldið mót með öllum búnaði. Ákveðið hefur verið að festa kaup á upptöku- og tölvubúnaði þannig að hægt verði að sýna beint (streaming) frá öllum kraftlyftingamótum.

Styrkjamál

Afrekssjóður úthlutaði einum A styrk fyrir árið 2014 kr. 2.400.000 til KRAFT v. Auðuns Jónssonar og tveimur C styrkjum kr. 720.000 hvor vegna Maríu Guðsteinsdóttur og Júlíans J.K. Jóhannssonar. Einnig var úthlutað eingreiðslustyrkjum kr. 300.000 til Fanneyjar Hauksdóttur og Viktors Ben Gestssonar. Aldrei hafa svo margir úr okkar röðum hlotið styrki úr sjóðnum sem er stórkostlegur árangur. Auk framangreinds var sambandinu úthluta kr. 500.000 til landsliðsverkefna.

Mjög mikilvægt er að við öll hugum nú vel að öflun frekari styrkja, fáum stuðningsaðili til liðs við okkur og aukum þekkingu á því sjóðakerfi sem sambandið, félögin og einstakir félagar geta og eiga rétt á að fá úthlutað úr. Nú þegar greinin er orðin svo fjölmenn og vel kynnt á þetta starf að verða auðveldara.

Afreksfólk – Kraftlyftingakona og kraftlyftingakarl ársins

Stjórn KRAFT tilnefndi þau Ragnheiði Kr. Sigurðardóttur og Júlían J.K. Jóhannsson sem afreksfólk ársins – kraftlyftingakona og kraftlyftingakarl ársins.

Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir Gróttu er stigahæsta kona Íslands í kraftlyftingum á árinu 2014. Ragnheiður er Íslandsmeistari í kraftlyftingum og í réttstöðulyftu og Norðurlandameistari í -57 kg flokki. Ragnheiður hefur bætt Íslandsmetin í öllum greinum í sínum flokki.

Helstu afrek 2014:

Norðurlandamót í kraftlyftingum -57,0 kg flokki: 1. sæti og gullverðlaun

Norðurlandamót í kraftlyftingum: 3. sæti á stigum

Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum -52,0 kg flokki: 1. sæti

Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum: 1. sæti á stigum

Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu – 57,0 kg flokki: 1. sæti

Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu: 1. sæti á stigum

Júlían J.K. Jóhannsson Ármanni er fæddur 1993 en er þrátt fyrir ungan aldur í 12. sæti á heimslista í sínum flokki. Hann á mjög gott keppnistímabil að baki þar sem hann hefur sýnt stöðugar framfarir og bætt Íslandsmetin í sínum flokki í öllum greinum. Júlían hefur náð eftirtektarverðum árangri á alþjóðamótum á árinu.

Helstu afrek 2014:

Evrópumót unglunga +120,0 kg flokki: 3. sæti og bronsverðlaun samanlagt.

Evrópumót unglunga +120,0 kg flokki: 3. sæti og bronsverðlaun í hnébeygju.

Heimsmeistaramót unglunga +120,0 kg flokki: 3. sæti og bronsverðlaun samanlagt

Heimsmeistaramót unglunga +120,0 kg flokki: 2. sæti og silfurverðlaun í réttstöðulyftu.

Við óskum þeim Ragnheiði og Júlían til hamingju.

Nokkrar umræður spunnust um val á kraftlyftinga konu og kraftlyftingakarli ársins. Síndist sitt hverjum og fram kom í umræðunni að taka ætti mið af þessu og hinu. Það er ljóst að við þurfum að koma upp fastmótuðu kerfi sem nýtt verður við valið svo friður og sátt ríki um niðurstöðuna ár hvert. Þetta er eitt af verkefnum ársins og tengist m.a. áherslum sem mótaðar verða í afreksstefnunni hinn nýju fyrir árin 2016 – 2020.

Erlend samskipti

Formaður sótti ársþing European Powerlifting Federation (EPF) í Búlgaríu í maí og ársþing International Powerlifting Federation (IPF) í Denver, USA í nóvember. Þetta er fimmta árið sem við sendum fulltrúa á Evrópuþingið og Alþjóðþingið. Eins og áður hefur komið fram tekst með þátttöku og viðkyrningu við forráðamenn kraftlyftinga á alþjóðavettvangi að mynda mjög sterk og persónuleg tengsl við fjölda ráðamanna á alþjóðavettvangi og fullyrði ég að Ísland nýtur nú virðingar og trausts; og hefur stöðu á þessum vettvangi. Undirritaður er nú formaður aganefndar IPF og er það viðamikilið og flókið starf. Ritari KRAFT situr í kvennanefnd IPF.

Landsliðsmál – Afreksstefna

Landsliðsnefnd undir forystu Kára Rafns Karlsson vann mikið starf á árinu. Í upphafi ársins var gerð heildstæð áætlun fyrir þátttöku í öllum erlendum mótum ársins. Áætlunin gekk eftir. Afreksstefna KRAFT var mörkuð á árinu 2012 fyrir tímabilið 2012-2105. Það liggur því fyrir að fara í gagnvera endurskoðun á stefnunni og móta hana 5 ár fram í tímann. Á árinu 2013 var ákvæðum varðandi klassískar kraftlyftingar bætt í stefnuna og fyrir þessu þingi liggur m.a. ósk frá Gróttu um að ýmis atriði verði rædd í afreksstefnunni. Ég vil nota tækifærið til að þakka Gróttu fyrir góða greinargerð sem fylgdi þessari ósk. Þess má geta að einungis þau sambönd sem komið hafa upp afreksstefnu koma til greina þegar stjórn Afrekssjóðs úthlutar. Á árinu vann Ása Ólafsdóttir gott starf við endurskoðun samninga sem sambandið gerir við landsliðsmenn og munu þeir verða kynntir landsliðsfólki á næstunni. Landsliðsþjálfari Grétar Hrafnsson lagði fram mikla vinnu á árinu. M.a. hefur hann verið 62 daga fjarri sínu heimili erlendis á vegum sambandsins við að aðstoða íslenska þátttakendur á erlendum mótum.

Fræðslumál

Við verðum að styrkja verulega alla fræðslu og hlúa betur að ungu og efnilegu kraftlyftingafólki. Fjárhagsáætlunin fyrir 2015 tekur mið af þessum sjónarmiðum. Varðandi þjálfaramál er það að segja að mjög mikilvægt er að hvert félag sé með sinn eigin félagshjálfa sem vinni að þjálfun heima í félaginu. Einnig teljum við mjög mikilvægt að hvert félag komi sér upp eigin þjálfunaraðstöðu sem það hefur algjör yfirráð yfir og eftirlit með. Það er hlutverk forráðamanna félaganna og skylda að tryggja að félagsmenn geti þjálfað sig í öruggu umhverfi þar sem fullt og ótakmarkað aðgengi lyfjaeftirlitsins er til staðar. Því miður er mikill misbrestur á að almennar líkamsræktarstöðvar fullnægi þessum kröfum. Orðrómur um sölu og notkun lyfja og fæðubótarefna sem innihalda efni á bannlista WADA er mjög hávær og virðist verða háværi.

Dómaramál

Dómaranefnd undir forystu Helga Haukssonar vann vel á árinu. Nefndin sér m.a. um menntun nýrra dómara og fjölgaði þeim á árinu. Kári Rafn Karlsson öðlaðist alþjóðleg dómara réttindi og vonir standa til að hægt verði að fjölga um alla vega einn alþjóðlegan dómara í okkar röðum 2015.

Lyffjamál – Nýjar WADA reglur 2015

Lyffjamálin eru stöðugt í brennidepli bæði á alþjóðavettvangi svo og hér innanlands. Til upprifjunar voru það jú lyffjamálin sem einna helst ýttu þeirri þróun af stað að gamla kraftlyftingasambandið var lagt niður og KRAFT var stofnað. Rétt er að taka fram að lyffjamálin eru ekkert sérstaklega mikilvæg eða uppi á borðinu í kraftlyftingum umfram aðrar íþróttagreinar. Langt frá því. Lyffjamálinu eru mikið áhersluatriði í nánast öllum íþróttagreinum alls staðar í íþróttahéminum. Lyfjaeftirlit ÍSÍ framkvæmdi **10** lyfjapróf á meðlimum KRAFT árið **2014**. Sýni voru tekin af **6** körlum og **4** konum, **4** próf voru tekin í keppni, **6** utan keppni. Auk þess annaðist lyfjaeftirlitið lyfjaprófun á Opna Norðurlandamótinu sem haldið var í Njarðvík. Niðurstöður úr öllu prófum voru neikvæðar þ.e.a.s. ekki fannst neitt bannefni. Kraftlyftingasambandið fagnar komu eftirlitsmanna lyfjaeftirlitsins hvenær sem þeir mæta á okkar mót eða heimsækja okkur þar sem æft er. Okkur er mikið í mun að sýna og sanna að meðlimir KRAFT stundi kraftlyftingar án notkunnar ólöglegra efna og sýni eftirlitinu fullt traust og góða samvinnu. Það er undirstöðuatriði að öll félög innan KRAFT taki þátt í baráttunni gegn notkun óleyfilegra lyfja með fræðslu, áróðri og með því að skapa félagsanda og menningu sem útilokar allt slíkt. Í staðinn byggjum við upp félagsanda þar sem allt er uppi á borðinu og menn keppa á heilbrigðum jafnréttisgrundvelli. Nýlega áttu fulltrúar KRAFT fund með Lyfjaeftirliti ÍSÍ varðandi áherslur á árinu 2015. Stjórnin hefur mótað þá stefnu svo sem sjá má í fjárhagsáætlun að leggja fé til hliðar til kaupa á um 10 lyfjaprófun umfram þau próf sem sambandið á rétt á úr sameiginlega pottinum hjá ÍSÍ. Lyfjapróf á þessu ári gætu því orðið um 20 talsins. Nýjar WADA reglur tóku gildi 1.1.2015. Skv. þeim munu þyngri viðurlög liggja við notkun lyfja á bannlista. Hingað til hefur tveggja ára keppnisbann verið algengast en nú verður fjögurra ára keppnisbann meginreglan. Að síðustu vil ég gera orð Grétar Skúla Gunnarssonar formanns KFA að mínum en þau eru eitthvað á þessa leið þegar við ræddum þessi mál nýlega: “Það er bara ekki í boði að lyffjamálin séu ekki í lagi..”

Skrifstofa

Eins og áður hefur komið fram þá hefur sambandið opnað skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Umfang starfseminnar er orðið það mikið að nauðsynlegt er nú að huga að starfskrafti í hluta starf til að sjá um daglegan rekstur og bókhald sambandsins. Vinnuálag á suma stjórnarmenn er meira en góðu hófi gegnir og ekki er hægt er að fara fram á slíkt við sjálfboðaliða til langframa.

Fjármál

Peningar eru ein af forsendum þess að reka sérsamband innan ÍSÍ með öllum þeim skyldum sem því fylgir svo og umsvifum innanlands og þátttöku á mótum og í alþjóðastarfi á erlendri grundu. Gjaldkeri sambandsins Kári Rafn Karlsson hefur haldið vel utan um fjármálin eins og hingað til. Starf gjaldkera felst ekki aðeins í hefðbundnum gjaldkerastörfum svo sem greiðslum og bókhaldi heldur er mjög viðamikill þáttur umsóknir og uppgjör vegna styrkja t.d. frá Afreksmannasjóði. Allt hefur þetta farið Kára Rafni vel úr hendi og eru honum þökkuð hans störf. Enn fremur

hefur Kári Rafn lagt fram mikla vinnu í landsliðsnefndinni varðandi lágmarkaútreikninga ofl. svo og hefur hann haft veg og vanda af uppsetningu, rekstri og kennslu v. Goodlift kerfisins.

Að lokum

Margt fleira mætti nefna úr starfinu á árinu sem er að líða en ég læt hér staðar numið. Fjárhagur sambandsins er góður, lausaffjárstaðan er góð og sambandið er ekki skuldsett. Á árinu námu tekjur rúmum 14 milljónum króna. Aldrei áður í sögu íslenskra kraftlyftinga höfum við geta styrkt jafn marga keppendur til farar á erlend mót eins og á árinu sem var að líða. Við þurfum hins vegar að auka tekur sambandsins. Verkefninu er alls ekki lokið.

Áhersluatriðin eru m.a.

1. lyfjamál
2. menntun og fræðsla
3. hlúa betur að og fjölga yngri iðkendum
4. ný afreksstefna
5. fastmótuð aðferðarfræði við val á íþróttamanni ársins
6. starfsmaður

Ég hef setið í mörgun góðum stjórnnum og ráðum í gegn um tíðina en sá hópur sem skipar stjórn KRAFT er einn sá besti. Einstaklingarnir eru ólíkir og koma úr ýmsum áttum en mynda mjög sterka og einhuga heild þar sem hver og einn kemur með sína sérþekkingu og reynslu að borðinu. Eitt er sameiginlegt og það er áhuginn á framgangi kraftlyftinga. Það er málið.

Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Ykkur þingfulltrúum þakka ég gott hljóð og traustið.

Hafnarfirði, 16. janúar 2015

Sigurjón Pétursson

10. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KRAFT

Sigurjón Pétursson, formaður, lagði fram og skýrði reikningana.

Rekstrartekjur: 14.507.137

Rekstrargjöld: 13.979.899

Hagnaður ársins eftir fjármagnsliði: 510.653

Skuldir og eigið fé: 3.555.821

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði

Boðið var upp á umræður, en enginn bað um orðið. Reikningar voru samþykktir með lófataki.

12. Stjórn KRAFT leggur fram fjárhagsáætlun KRAFT fyrir næsta starfsár

Sigurjón lagði fram fjárhagsáætlun. Þar er gert ráð fyrir tekjum 13.300.000 en gjöldum 13.050.000. Áætlun samþykkt.

Hér var gert hlé á þingstörfum og boðið upp á veitingar.

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Enginn tillaga hafði borist.

14. Teknar til umræðu og afgreiðslu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Eftirfarandi erindi bárust til stjórnar fyrir tilsettan frest, frá Gróttu og KFA, og voru tekin til umræðu.

Stjórn kraftlyftingadeildar Gróttu óskar eftir því að eftirfarandi málefni verið tekin fyrir á árlegu þingi KRAFT þann 17. janúar nk.:

- 1. Við móttun afreksstefnu Kraft, við úthlutun afreksstyrkja sem og við val á kraftlyftingamanni og konu ársins verði horft jafnt til þeirra sem keppa í kraftlyftingum með búnaði, í klassískum kraftlyftingum og í bekkpressu (sérgrein). Á kraftlyftingaþinginu 2013 var samþykkt að afreksstefna KRAFT tæki mið af klassískum kraftlyftingum með þeim hætti sem gert væri með „búnaðarkraftlyftingum“. Það er hins vegar mat Gróttu að þrátt fyrir þessa samþykkt standi klassískar kraftlyftingar höllum fæti þegar kemur að úthlutun afreksstyrkja sem og við val á kraftlyftingamanni og konu ársins. Það sama má segja um þá keppendur KRAFT sem keppa í bekkpressu sem sérgrein. Er mikilvægt að tekinn verði af allur vafi um stöðu þessara „tegunda“ kraftlyftinga og þær metnar til jafns með sama hætti og gert er innan IPF.*

Erla Kristín Árnadóttir, formaður kraftlyftingadeildar Gróttu, fylgdi þessu erindi Gróttu úr hlaði og sagði mikið vanta upp á að stjórn Kraft virti sínar eigin reglur og reglur ÍSÍ og IPF um jafna aðstöðu keppenda. Hún lagði fram svohljóðandi ályktun fyrir þingið:

Kraftlyftingaþingið beinir því til stjórnar Kraft að fara í hvívetna að lögum Kraft og alþjóðareglum og gæta jafnræðis við móttun afreksstefnu Kraft, við úthlutun afreksstyrkja, við val á kraftlyftingamanni og –konu ársins sem og í störfum sínum að öðru leyti.

Ályktunin var borin upp og samþykkt með 17 atkvæðum. 11 sátu hjá.

- 2. Afreksstefnu Kraft verði breytt þannig að í A-hópi afreksmanna séu þeir sem eru meðal 10 bestu á heimslista IPF, í sínum þyngdarflokki, hvort sem þeir keppa í búnaði, í klassískum kraftlyftingum eða í bekkpressu. Í 4. kafla núverandi afreksstefnu KRAFT segir að afreksmenn skiptist í þrjá hópa, A-hóp, B-hóp og C-hóp. Í A-hópi séu þeir afreksmenn sem teljist líklegir til að vera meðal 8 bestu á heimslista IPF í sínum þyngdarflokki. Hér er um afar óljóst viðmið að ræða og ekki í samræmi við þá sem eru flokkaðir í B og C hópa en í þeim hópum eru þeir afreksmenn sem eru á meðal 20 – 40 bestu á heimslista IPF í sínum þyngdarflokki. Mikilvægt er að skýrt sé hverjir geti talist til*

afreksmanna þannig að slíkt sé ekki háð huglægu mati hverju sinni. Þá telur Gróttá mikilvægt að tekið sé sérstaklega fram að þessi viðmið eigi jafnt við um þá sem keppa í „búnaðarkraftlyftingum“, klassískum kraftlyftingum og í bekkpressu (sérgrein).

Eftir nokkrar umræður lagði þingforseti til að þessum sjónarmiðum yrði vísað til stjórnar til úrvinnslu með það markmið að auka gegnsæi og taka þjálfararáð markvisst með í umræðunni. Það var samþykkt með öllu greiddum atkvæðum.

- 3. Landsliðsviðmið fyrir þá sem keppa í kraftlyftingum með búnaði verði endurskoðuð og uppfærð í samræmi við nýjustu tölur frá IPF, með sama hætti og gert var með landsliðsviðmið fyrir klassískar kraftlyftingar. Ljóst er að landsliðsviðmið fyrir þá sem keppa í búnaðarkraftlyftingum byggja á gömlum tölum frá IPF og því er þörf á að uppfæra þau í samræmi við nýjustu tölur IPF.*

Þingið vísaði þessu til stjórnar.

Date: 2014-11-30

Subject: Tilaga til ársþings

To: kraft@kraft.is

Uppbygging á keppnisvöllum:

Tilaga um skipulagða uppbyggingu á fjórum keppnisvöllum á Íslandi 2 á landsbyggðinni og 2 á höfuðborgarsvæðinu.

A og B vellir á báðum svæðum.

A stendur fyrir keppnisvöll sem gæti staðið fyrir alþjóðlegum mótum.

B stendur fyrir keppnisvelli sem gæti staðið fyrir íslenskum meistaramótum.

Báðir notaðir sem oftast við sem flest tilefni.

Markvist byggja upp heimavelli - fyrir félagsmót og minni mót í öllum félögum.

Aðeins A og B vellir fá úthlutuð meistaramót.

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður KFA, fylgdi þessu erindi KFA úr hlaði og rökstuddi.

Tillagan vísuð til stjórnar.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Engar tillögur voru lagðar fyrir þingnefndir.

16. Ákveða þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils

Tillaga var lögð fram um að þáttökugjöld verði áfram 5000 krónur á mótum þar sem keppt er í öllum greinum en 3500 krónur þar sem aðeins er keppt í einni grein. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

17. Önnur mál

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður KFA, bað um orðið og lagði fram tillögur um lágmarksstigafjölda við úrtak í landsliðið.

Tillagan vísuð til stjórnar til frekari umræðu.

18. Kosning stjórnar

Sigurjón Pétursson var endurkjörinn formaður til eins árs án mótframboðs.

Aðrir stjórnarmenn voru ekki í kjöri.

Varamenn voru kosnir til eins árs: Einar Már Ríkarðsson, Árdís Ósk

Steinarsdóttir og Jón Sævar Brynjólfsson.

19. Kosning 2 endurskoðenda/skoðunarmanna og 2 til vara

Gerð var tillaga um að þeir Helgi Briem Ármanni og Ólafur Páll Einarsson Zetorum verði aðalmenn og Borghildur Erlingsdóttir Gróttu og Herbert Eyjólfsson Massa verði til vara.

Tillagan samþykkt.

20. Kosning 3 fulltrúa á íþróttahing ÍSÍ

Gerð var tillaga um Sigurjón Pétursson, formann, Sturlu Ólafsson varaformann og Gry Ek Gunnarsson ritara.

Tillagan samþykkt.

21. Þingslit

Sigurjón tók við stjórn þingsins úr hendi Grétars Dórs og þakkaði þingforseta og þingfulltrúum fyrir störfín og ánægjulegt og gagnlegt þing. Hann þakkaði traustið sem sér hafði verið sýnt.

Hann kallaði fram Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, og Ragnheiði Kr.

Sigurðardóttur, Gróttu og veitti þeim viðurkenningu sem kraftlyftingamenn ársins 2014 í karla- og kvennaflokki við fögnuð viðstaddra. Ragnheiður var ekki viðstödd, en Ingimundur Björgvinsson tók við fyrir hennar hönd. Erla Kristín Árnadóttir tók við viðurkenningu fyrir hönd Kraftlyftingadeildar Gróttu sem var stigahæsta liðið á árinu 2014.

Sigurjón sleit þinginu kl. 19.00

Þingritari: Gry Ek Gunnarsson